

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 136/2012**

2013/EES/16/13

frá 16. febrúar 2012

um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fôðuraufefni fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til mannelis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir natríumbísúlfati. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir natríumbísúlfati í aukefnaflokkunum „tæknileg aukefni“ og „skynræn aukefni“ sem fôðuraufefni fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til mannelis.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. október 2011⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi natríumbísúlfat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að það sé talið áhrifaríkt til notkunar sem sýrustillir í fôðri fyrir gæludýr og önnur dýr, sem gefa ekki af sér afurðir til mannelis, og sem

bragðefni í fôðri fyrir gæludýr. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraufefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á natríumbísúlfati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem fôðuraufefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreind í II. viðauka, er leyfð sem fôðuraufefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 46, 17.2.2012, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2415.

I. VIDAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafni leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ömur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainihaldi	mg/kg heilfóðurs með 12% rakainihaldi		
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: sýrustillar									
Ij514ii	—	Nátríum- bísúlfat	Samsetning <i>aukefnis</i> Nátríumbísúlfat: $\geq 95,2\%$ <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Nátríumbísúlfat CAS-nr. 7681-38-1 NaHSO ₄ Na 19,15% SO ₄ 80,01% Framleitt með efnasmiði <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Ákvörðun nátríumhýdrogensúlfats í fóðuraukefni: Titrarmæling sem byggist á að ákvarða heildarmagn leysanlegs sýruinnihalds í nátríumbísúlfati út frá staðlaðri nátríumhýdroxíðlausn.	Gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manndælis	—	—	5000	1. Í notkunarleibeningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslu- þol og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífir og hlífðarhanska. 3. Blanda ólíkra nátríumbísúlfats- gjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgjaldi í heilfóðri sem er 5000 mg/kg heilfóðurs.	8. mars 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

II. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ómur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: bragðefni									
Ij514ii	—	Nátríum- bisúlfát	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Nátríumbisúlfát $\geq 95,2\%$ <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Nátríumbisúlfát CAS-nr. 7681-38-1 NaHSO₄ Na 19,15% SO₄ 80,01% Framleitt með efnasmíði <i>Greiningaraðferð</i>⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun nátríumhýdrogensúlfáts í fóðuraukefni: Titrarmæling sem byggist á að ákvarða heildarmagn leysanlegs sýruinnihalds í nátríumbisúlfáti út frá staðlaðri nátríumhýdroxíðlausn.</p>	Gæludýr	—	—	5000	<p>1. Í notkunarleibeningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslu- þol og kögglafestu.</p> <p>2. Vardandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífur og hlífðarhanska.</p> <p>3. Blanda ólíkra nátríumbisúlfáts- gjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgjaldi í heilfóðri sem er 5000 mg/kg heilfóðurs.</p>	8. mars 2022

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofunnar: http://irimm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx